

Nd.

510. Frumvarp til laga

[200. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Eftir 2. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

91. gr. laganna orðist þannig:

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, þó 15. apríl árið 1964, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur, og gildir það einnig um árið 1964. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að réttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hesur ónýtt eða skrásetningarmerkni bifreiðar er afhent löggreglustjóra í skrásetningarmundæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í ársbyrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og våtryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmerkini hennar og afhenda þau löggreglustjóra, en löggreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal löggreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og våtryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skulu þeir, sem greitt hafa þungaskatt af bifreiðum sínum eða bishjólum fyrir skattárið 1963, eiga rétt á að fá þann skatt dreginn frá þungaskatti, sem þeim ber að greiða fyrir skattárið 1964, samkvæmt lögum þessum, eða fá hann endurgreiddan, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.